

AFLIÐ

ÁRSSKÝRSLA 2013



Um Ársskýrslu Aflsins

Í þessari ársskýrslu segir frá ellefta starfsári Aflsins. Sagt verður frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfinu og þeirri hugmyndafræði sem er að baki starfsemi Aflsins. Einnig verða teknar saman tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga og fjármál samtakanna. Mikilvægt er fyrir Aflið að eiga tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga og fleira slíkt til þess að greina þörfina fyrir starfsemi Aflsins í samfélaginu.

Aflið

Brekkugata 34, 600 Akureyri

Símar: 461-5959 og 857-5959

Netfang: aflidakureyri@gmail.com

Vefsíða: www.aflidak.is

Facebook: www.facebook.is/aflid

Ritstýra:

Elfa Dögg Ólafsdóttir

Ritstjórn:

Stjórn Aflsins

Tölfræðiúrvinnsla:

Elfa Dögg Ólafsdóttir og Sóley Björk Stefánsdóttir

Forsíða: Aflsmerkið

Myndataka: Ýmsar Aflskonur

Prentun: Hermann Ingi Arason, prentsmiðjan.is

Efnisyfirlit

Um Ársskýrslu Aflsins	1
Efnisyfirlit.....	3
Stjórnarpistill	4
Þróun Aflsins.....	5
Starfsemi Aflsins	6
Samstarf.....	11
Viðburðir.....	11
Aðalfundur.....	13
Fjármál.....	14
Útgjöld	15
Uppgjör ársins 2013	16

Stjórnarpistill

Árið 2013 var viðburðaríkt fyrir Aflið. Samtökin áttu ellefu ára afmæli og var haldið upp á það með árlegri ráðstefnu og málþingi.

Talsverð aukning var á skjólstæðingum Aflsins þetta ár og var aukning um 111 skjólstæðinga sem samsvarar 7 %. Hópastarf gekk vel en vegna fjárskorts var ekki hægt að hafa eins marga hópa og þörf var á.

Aflskonur fóru í alla grunnskóla Akureyrar og nágrennis. Þar að auki var farið í báða framhaldskóla bæjarins auk fleiri heimsókna. Heimsóknir þessar eru hluti af forvarnarstarfi samtakana, gerðar til þess að fræða nemendur og aðra um starfsemi Aflsins, afleiðingar ofbeldis, viðbrögð og leiðir til að vinna úr því. Til dæmis með að benda einstaklingum á hvert er hægt að leita fyrir þá sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða hafa vitneskju um slíkt. Ávallt er tekið vel á móti Aflskonum í þessum heimsóknum og greinilegt er að stjórnendur og kennarar eru meðvitaðir um mikilvægi þess að koma með slíka fræðslu inn í skólana. Forvarnar og upplýsingarstarfið er ekki síður gefandi og mikilvægt fyrir starfskonur Aflsins, þar fá þær tækifæri til að heyra sjónarmið ólíkra hópa.

Aflið fékk, eins og síðustu ár, styrki frá ríkissjóði, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum. Þar að auki hlutu samtökin styrki frá einstaklingum, samtökum og fyrirtækjum.

Aflið hefur sett sér raunhæf markmið fyrir framtíðina. Samtökin telja brýna þörf á að auka þá þjónustu sem nú er í boði. Til að mynda með því að setja upp og sjá um kvennaathvarf og telur mikla þörf fyrir slíka þjónustu hérna norðan heiða. Aflið þarf nauðsynlega að komast í stærra húsnæði og vinna nú starfsmenn samtakana hörðum höndum að því takmarki.

Það að finna fyrir svona þakklæti eins og við í Aflinu finnum fyrir frá samfélaginu gefur okkur drifkraft til að halda þessu starfi og þjónustunni áfram. Þess má geta að þjónustan hjá Aflinu er skjólstæðingum að kostnaðarlausu. Vill Aflið þakka öllum þeim sem styrktu samtökin með einum eða öðrum hætti innilega fyrir stuðninginn.

Með þökkum

Stjórn Aflsins

Þróun Aflsins

Aflið var stofnað á Akureyri þann 18. apríl 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta og Jafnréttisstofu. Í upphafi störfuðu sjö sjálfboðaliðar hjá Aflinu en þær Anna María Hjálmarsdóttir og Sæunn Guðmundsdóttir eru þær einu sem hafa starfað frá upphafi. Árið 2013 starfa tíu konur með samtökunum, í stjórn eða sem ráðgjafar.

Aflið hóf starfsemi sína í húsnæði við Glerárgötu sem áður tilheyrði Menntasmiðju kvenna á Akureyri. Samtökin fluttu síðan starfsemi sína á Tryggvabraut til ráðgjafastofunnar Reynis. Starfsemin jókst hratt og flutti í upphafi árs 2007 í Brekkugötu 34 og hefur verið þar síðan. Í dag er húsnæðið í Brekkugötu orðið of lítið fyrir starfseminna og er mikilvægt geta flutt í stærra húsnæði á Akureyri.

Í upphafi bauð Aflið skjólstæðingum sínum upp á einkaviðtöl og hópastarf auk þess sem símvakt hefur verið starfrækt frá upphafi. Fljótlega bættust við fræðsla og forvarnir á Norðurlandi auk viðburðarvakta víða um land.

Vegna síaukinna umsvifa Aflsins og vindsælda Internetsins var sett upp heimasíða með helstu upplýsingum um starfsemi samtakanna til að bæta aðgengið enn frekar. Síðar var sett á fót *Facebook* síða sem deilir fréttum um málefni tengdum starfseminni og viðburðum sem félagið stendur fyrir auk þess sem skjólstæðingar geta haft samband við ráðgjafa í gegnum Facebook síðuna. Öll þjónusta sem Aflið veitir skjólstæðingum sínum er öllum að kostnaðarlausu.

Starfsemi Aflsins

Innan veggja Aflsins fer fram margvísleg starfsemi. Pararáðgjöf bættist nýlega við starfsemina auk þess sem ávallt er boðið upp á einkaviðtöl og hópastarf fyrir brotapolá heimilis- og kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra. Þetta er einungis hluti af þeirri starfsemi sem fer fram innan Aflsins en hér að neðan verður fjallað nánar um alla þá starfsemi sem þar fer fram.

Hugmyndafræðin á bak við starf Aflsins

Rannsóknir hafa sýnt að jafningjastuðningur er mikilvægur þáttur við úrvinnslu á afleiðingum ofbeldis. Þetta hefur verið kjarninn í hugmyndafræði Aflsins þau 11 ár sem samtökin hafa starfað. Allir ráðgjafar Aflsins búa að þeirri reynslu að hafa unnið úr afleiðingum ofbeldis sem þær sjálfar hafa orðið fyrir.

Mikilvægur þáttur í hugmyndafræðinni er að taka mark á reynslu þess einstaklings sem fyrir ofbeldi hefur orðið án þess að dæma eða skilgreina. Til Aflsins getur fólk leitað með hvers konar ofbeldisreynslu; kynferðis-, heimilis-, andlegs ofbeldis eða eineltis.

Ráðgjafar leggja áherslu á að úrvinnslan sé á þeim hraða sem hver einstaklingur treystir sér til.

Einkaviðtöl

Þegar einstaklingur leitar til Aflsins í fyrsta sinn er honum/henni boðið upp á einkaviðtal. Þar fær viðkomandi stuðning við að koma ofbeldisreynslunni í orð og skoða þær afleiðingar sem ofbeldið hefur skilið eftir sig. Oft er erfitt fyrir brotapolá að koma í sitt fyrst viðtal og er það mjög eðlilegt þar sem um erfiðar endurminningar er að ræða. Ráðgjafar Aflsins gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að gera viðtölin eins þægileg og hægt er. Stundum gerist það að brotapolá hefur pantað viðtal en hættir við að mæta. Í slíkum tilfellum er alltaf boðið upp á nýjan tíma því ráðgjafar Aflsins vita hversu erfitt hið fyrsta skref getur verið en undantekningalaus fylgir því mikill léttir.

Það kemur fyrir að brotapolá vilji ekkert tala um ofbeldið sem hann hefur lent í til að byrja með og fer þá ráðgjafinn að tala um aðra hluti og jafnvel sína sögu til að traust myndist á

milli brotapolans og ráðgjafans. Einnig getur verið að brotapolinn vilji láta spyrja sig spurninga til að byrja með og fer út frá því að segja sína sögu.

Einkaviðtölin eru oft fyrstu skrefin sem brotapolí tekur til þess að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins en þær afleiðingar eru yfirleitt brotin sjálfsmynd, lítil sjálfsvirðing eða jafnvel bæði. Einstaklingurinn ræður sjálfur ferðinni í viðtalinu með tilliti til þess hve mikinn stuðning hann vil og hve lengi. Einnig ræður viðkomandi sjálfur hversu oft hann/hún vill koma í viðtöl.


Þegar einstaklingum finnst hann hafa fengið það sem hann þurfti úr einkaviðtölunum en finnst hann jafnframt þurfa áframhaldandi stuðning til að vinna úr ofbeldinu er brotapolanum boðið upp á að fara í sjálfshjálparhóp. Einnig er skjólstæðingum bent á fleiri úrræði.

Tölfræðilegar upplýsingar um einkaviðtöl

Árið 2013 voru þrír ráðgjafar frá Aflinu með einkaviðtöl og einn ráðgjafi tók einkaviðtöl í Reykjavík. Fólk af báðum kynjum kemur í einkaviðtöl til Aflsins.

Árið 2013 fjölgaði einkaviðtölum um 7,4% en þau voru 803 talsins. Alls voru 232 skjólstæðingar¹ sem komu í einkaviðtöl árið 2013. Árið 2012 var 9,2% aukning frá árinu 2011. Alls voru 232 skjólstæðingar sem komu í einkaviðtöl árið 2013 þar af eru 26 karlmenn og 206 konur. Árið 2011 var 60,4% aukning frá árinu 2010.

Á mynd 1 má sjá fjölda einkaviðtala sem Aflið veitti frá árinu 2009 til 2013.



Mynd 1

¹ Undanskildir eru þeir skjólstæðingar sem nýta sér einkaviðtöl í gegnum síma.

Hópastarf

Hópastarfið virkar vel vegna þess að einstaklingar sem hafa lent í ofbeldi upplifa svipaðar tilfinningar hvernig sem ofbeldið er og geta þar með deilt tilfinningum sín á milli og fengið meiri skilning.

Markmið hópastarfsins er að einstaklingarnir geti sótt styrk til að takast á við þau vandamál sem rekja má til afleiðinga ofbeldis. Hóparnir samanstanda af fjórum til sex skjólstæðingum og einum til tveim leiðbeinendum sem leiða hópana. Reynslan af sjálfshjálparhópum hefur verið mjög góð og fer mikil vinnsla fram hjá öllum einstaklingum sem sækja í þá.

Hóparnir hittast yfirleitt 15 sinnum. Í hverjum tíma fyrir sig eru tekin fyrir eitt til tvö umræðuefni sem tengjast afleiðingum ofbeldis. Í tvö skipti af 15 fer tjáningin fram á annan hátt en með orðum.

Í upphafi hvers tíma er byrjað á því að segja frá hvernig vikan hjá hverjum einstaklingi var og er það gert til þess að koma tjáningunni af stað. Stundum hefur mikil vinnsla verið í gangi hjá einstaklingnum frá því hann hitti hópinn sinn síðast og þarf að ræða um það. Oft eru einstaklingar að takast á við marga nýja hluti eftir að hópurinn hefst og þá er gott að geta sagt frá því og fengið viðeigandi stuðning. Aflið hefur hins vegar ekki enn tekið inn karlmenn í hópavinnu en framtíðarmarkmiðið er að geta haldið slíkan hóp.


Tölfræðilegar upplýsingar um hópastarfið

Árið 2013 voru líkt og árið árið haldnir þrír sjálfshjálparhópar. Í hverjum hóp var einn leiðbeinandi og í einum af hópunum var einnig aðstoðarleiðbeinandi. Í heild sóttu 13 skjólstæðingar hópastarf.

Árið 2012 fækkaði hópum frá árinu 2011 og sú fækkun orsakast af fjármagnsskorti sem Aflið á við að stríða. Þá sóttu 16 skjólstæðingar hópastarf.

Árið 2011 fjölgaði um tvo hópa frá árinu 2010 og voru þá sex hópar haldnir það ár. Alls sóttu 38 skjólstæðingar í hópastarfið. Árið 2010 voru haldnir fjórir hópar fyrir 27 skjólstæðinga. Árið 2009 voru sex hópar fyrir 36 skjólstæðinga.

Á mynd 2 sjá fjölda skjólstæðinga sem sóttu hópastarf hjá Aflinu á árunum 2009 til 2013.




Mynd 2

Nýir skjólstæðingar

Mikil fjölgun var á nýjum skjólstæðingum á árinu og voru nýir skjólstæðingar 111 en árið 2012 voru nýir skjólstæðingar 108. Árið 2011 voru nýir skjólstæðingar 59 talsins. Sjá mynd 1

Hér að neðan er tafla sem sýnir sundurliðun milli ára, kynja og aðstandenda á skjólstæðingum hjá Aflinu.



Mynd 3

Pararáðgjöf

Árið 2013 hófst formlega pararáðgjöf hjá Aflinu. Þessi ráðgjöf er hugsuð fyrir skjólstæðinga sem þurfa aðstoð við samskipti sín á milli og ráðgjöf um að styðja hvort annað við úrvinnslu á ofbeldisreynslu. Þessi ráðgjöf byrjaði sem tilraunverkefni hjá Aflinu 2011 til 2012 og sá Aflið fram á að svona ráðgjöf væri nauðsynleg fyrir skjólstæðinga og fór hún af stað á fullu árið 2013

Símavakt

Símavaktin er í boði allan sólahringinn fyrir þolendur hvers kyns ofbeldis auk þess sem aðstandendur brotabola geta einnig hringt inn og fengið ráðgjöf. Mikið af þeim skjólstæðingum sem hringja eru ekki frá Akureyri en öllum er veitt aðstoð sem eftir henni sækja. Einn af ráðgjöfum Aflsins sér alfarið um alla sí mavakt.

Forvarnir og fræðsla

Aflið leggur mikið í að hafa fræðslu og forvarnir til að efla vitund almennings um hvert einstaklingur, eða einhver honum náinn, sem lendir í ofbeldi viti hvert sé hægt að leita og hvernig hægt sé að fá aðstoð. Einnig er mikilvægt að fræða unga fólkið og efla vitund þeirra um ofbeldi. Aflið fer með fræðslu til 7.-10. bekkja í grunnskólum.

Aflið hefur verið virkt í að sinna forvörnum og bjóða fræðslu í grunn-, framhalds- og háskólum um afleiðingar ofbeldis. Samtökin hafa undanfarin ár farið í alla skóla á Akureyri og nágrenni með slíka fyrirlestra. Einnig er töluvert um að fyrirtæki og félagsamtök leiti til Aflsins og óski eftir kynningu.

Árið 2013 var farið í alla grunnskóla á Akureyri og báða framhaldsskólana auk Menntaskólans á Tröllaskaga með fræðslu. Aflið hitti einnig foreldra í Glerárkirkju, kvenfélagskonur í Eyjafirði, Zontakonur á Akureyri og marga fleiri.

Viðburðarvakt

Í nokkur ár hefur Aflið verið með gangandi vakt allan sólahringinn á Akureyri yfir Bíladagshelgina og Verslunarmannahelgina. Auk þess var gönguvakt um Fiskidagshelgina á Dalvík og á Eistnaflugshátíðinni á Neskaupstað.

Með gangandi vakt er átt við að Aflið sé sýnilegt um bæinn þessar helgar. Vaktin fer oftast friðsamlega fram og Aflskonum vel tekið en þær svara öllum spurningum sem varða starfsemina auk þess sem margir nota tækifærið og leita til Aflsins í fyrsta sinn. Oft hafa komið inn nýir skjólstæðingar



eftir þessar helgar og má því segja að það sjáist að gangandi vakt er nauðsynleg og að hún beri árangur.



Aflið kemur inn á þessa viðburði ýmist að ósk viðburðahaldara eða sveitarfélaga og er í góðu samstarfi við lögreglu og heilbrigðisstarfsfólk á öllum stöðunum.

Samstarf

Undanfarin ár hefur samstarf aukist mikið milli Aflsins og Lögreglunnar á Akureyri annarsvegar og Sjúkrahúsins á Akureyri hinsvegar. Samstarfið er gott á milli allra aðila og eru oft haldnir sameiginlegir fundir með þeim. Slíkir fundir fara aðallega fram fyrir viðburði á borð við Bíladaga og aðrar stórar helgar.

Aflið og bráðamóttakan á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafa nú í áraraðir aukið samstarfið sín á milli. Ef óskað er eftir fara ráðgjafar Aflsins með skjólstæðingum upp á bráðamóttöku í skoðun og hefur viðmótið alltaf verið gott. Fyrir kemur að starfsfólk bráðamóttökunnar þurfi að leita til okkar vegna skjólstæðinga og fer þá ráðgjafi á vegum Aflsins til að sinna því. Einnig er starfsfólkið duglegt að vísa fólki til Aflsins ef við á.

Einstaklingar

Aflið hefur átt mjög gott samstarf við ýmsa einstaklinga í gegnum tíðina og var engin breyting þar á á þessu ári.

Séra Hildur Eir Bolladóttir sinnir handleiðslu fyrir ráðgjafa hjá Aflsins. Einnig hefur Aflið átt góð samskipti við fagaðila og má þar nefna geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og lögfræðinga. Þessir aðilar eru duglegir að vísa skjólstæðingum til Aflsins og öfugt.

Viðburðir

Árið 2013 tók Aflið þátt í og stóð fyrir margskonar viðburðum. Má þar nefna styrktartónleika Aflsins, 16 daga átakið gegn ofbeldi, auk annarra verkefna.

Styrktartónleikar

Það er orðin árlegur viðburður hjá Aflinu að halda styrktartónleika en þeir hafa undanfarin ár verið haldnir í Akureyrarkirkju. Árið 2013 var ákveðið að



halda tónleikana á Græna Hattinum á Akureyri þann 6. nóvember. Aflið vill þakka þeim sem styrktu samtökin með því að mæta á þessa flottu tónleika.

Þeir listamenn sem studdu Aflið með því að koma fram á tónleikunum voru: Jokka G. Birnudóttir, Hermann Ingi Arason, Hvanndalsbræður, Jónína Björt, Heimir Ingimarsson, Valmar Völjaots, Óskar Pétursson, Linda Guðmundsdóttir, Snorri Guðvarðason og leikarar úr Freyvangsleikhúsinu í hlutverkum leikritsins Emils í Kattholti. Kynnar voru Sr. Hildur Eir og Pétur Guðjónsson. Aflið þakkar öllum þessum frábæru listamönnum fyrir að hafa gert kvöld allra viðstaddra ógleymanlegt.

Kökubasar og fleira

Aflið hélt tvisvar kökubasar og kaffisölu. Annarsvegar á opnu húsi hjá Grasrót og hinsvegar á konukvöldi í Sunnuhlíð á Akureyri. Aflskonur skemmtu sér konunglega og gekk mjög vel í bæði skiptin.



16 daga átakið

Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi hefst ár hvert þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi og stendur til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Átakið er á vegum Jafnréttisstofu en markmið þess er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Aflið hefur tekið virkan þátt í átakanu undanfarin ár með ýmsu móti og í ár tók Aflið höndum saman við Barning sem er afrakstur sumarstarfs þriggja ungra Akureyringa sem berjast gegn klámvæðingu í samfélaginu. Barningsliðar höfðu íslenskað vinsæla texta þar sem ofbeldi kemur fram, bæði beint og óbeint. Aflið lét prenta

textabrot á áklæði sem var sett á stól auk þess sem textar fylgdu með á blöðum. Hugmyndin var að fólk gæti fengið sér sæti og lesið textana og gert sér betur grein fyrir því hvaða skilaboð poppmenningin er að senda börnum og ungu fólki í samfélaginu. Sjálfboðaliði frá Aflinu tók að sér að keyra stólinn milli nokkurra fyrirtækja og stofnana hér í bæ. Þessir staðir voru sérstaklega valdir með ungt fólk í huga.



Fyrst fór stóllinn í Fjölsmiðjuna þar sem forstöðumaður notaði tækifærið og var með fræðslu tengda þessu fyrir unga fólkið þar. Síðan var stóllinn í nokkra daga á Jafnréttisstofu. Svo fór hann í Eymundsson í tengslum við upplestur á bókinni Strákar eftir Bjarna Fritzson. Síðustu dagana var hann svo á Amtbókasafninu. Þar var upplestur á bókum tengdum styrjöldum, hernaði og konum ásamt bréfamaraþoni Amnesty.

Happdrætti

Verslanir á Glerártorgi tóku höndum saman og gáfu happdrættsvinninga sem seldir voru af miklum móð. Miðinn kostaði 1.000 krónur og rann söluandvirðið óskipt til Aflsins og var lagt inn á neyðarsjóð sem ekki er hluti af daglegum rekstri. Sr. Hildur Eir Bolladóttir stýrði úrdrættinum á Glerártorgi með miklum sóma.

Súpupartýið

Í ár var fimmta árið í röð sem haldið var súpupartý. Jokka G. Birnudóttir stendur fyrir þeim viðburði. Partýið er haldið fyrir mótorhólafolk víðs vegar að af landinu sem gerir sér ferð til Akureyrar til að vera viðstatt. Á svæðinu er baukur fyrir frjáls framlög og rennur ágóðinn beint til Aflsins. Árið 2013 komu um það bil 60 manns og gæddu sér á súpunni góðu.

Aðalfundur

Eins og undanfarin ár var aðalfundur Aflsins haldinn og fór hann fram í húsakynnum samtakanna í Brekkugötu. Þar fóru fram umræður um stöðu félagsins auk þess sem framboð til setu í stjórn félagsins voru tilkynnt og kosið í stjórn.

Stjórn félagsins 2012**Stjórn félagsins 2013**

Anna María Hjálmarsdóttir	Formaður	Anna María Hjálmarsdóttir	Formaður
Sigríður Þórisdóttir	Varaformaður	Sigríður Þórisdóttir	Varaformaður
Hrefna Björg Waage	Gjaldkeri	Sóley Björk Stefánsdóttir	Gjaldkeri
Eygló Sigurðardóttir	Ritari	Eygló Sigurðardóttir	Ritari
Jóhanna Guðný Birnudóttir	Meðstjórnandi	Elfa Dögg Ólafsdóttir	Meðstjórnandi
Birgitta Hrönn Sæmundsdóttir	Meðstjórnandi	Anna Guðný Egilsdóttir	Meðstjórnandi
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir	Meðstjórnandi	Herborg Árnadóttir	Meðstjórnandi
		Sigrún Sigurðardóttir	Meðstjórnandi

Fjármál

Aflið hefur á undanförunum árum notið velvildar einstaklinga sem gefa mikið af sínum frítíma í vinnu fyrir samtökin. Á það bæði við um ráðgjafa Aflsins, stjórn og velunnara.

Styrkir

Eins og árið á undan var 2013 strembið ár fyrir Aflið þar sem ekki voru veittir háir styrkir til starfseminnar. Velferðarráðuneytið veitti Aflinu styrk upp á 1.650.000 kr. Um mitt ár ákvað ríkisstjórnin að verja 79 milljónum til að bregðast við neyðarástandi í kynferðisbrotum gegn börnum. Af þeirri upphæð hlaut Aflið 1.660.000 kr. sem gerði það að verkum að ekki skapaðist neyðarástand í rekstri samtakanna eins og fyrséð var í upphafi árs. Samningur við Akureyrarbæ skiptir einnig sköpum í rekstrinum en í gegnum þann samning er húsnæði tryggt auk fjármagns til forvarna og gönguvakta.

Einstaklingar eru jafnan duglegir að styrkja Aflið og einnig bærust styrkir frá sveitarfélögum í næsta nágrenni, kvenfélögum og fleiri samtökum og fyrirtækjum. Í eftirfarandi töflu má sjá sundurliðun á þeim styrkjum sem Aflið fékk árið 2013

Styrkir ársins 2013

Velferðarráðuneytið	1.660.000 kr.	Lionsklúbburinn Ylfa	100.000 kr.
Ríkissjóður Íslands	1.650.000 kr.	Hörgársveit	50.000 kr.
Akureyrarbær	1.230.000 kr.	Svalbarsstrandarhreppur	50.000 kr.
Einstaklingar	180.000 kr.	Zontaklúbburinn Þórunn hyrna	40.000 kr.
KEA	150.000 kr.	Kvenfélagið Hlín	30.000 kr.
Zontaklúbbur Akureyrar	150.000 kr.	Kraflar og afl ehf.	10.000 kr.
Kvenfélag Hríseyjar	100.000 kr.	Kvenfélag Fnjóskdæla	10.000 kr.
Kvenfélagið Aldan Voröld	100.000 kr.	Starfsmannafélagið Álar (Becromal)	4.000 kr.
Samtals:			5.514.000 kr.

Útgjöld

Eins og öll önnur ár eru útgjöld hjá Aflinu en félagið þarf að borga sínum ráðgjöfum laun fyrir viðtöl og hópastarf.

Hér fyrir neðan má sjá sundurliðun á þeim útgjöldum hjá Aflinu árið 2013

Útgjöld ársins 2013

Heildarlaun ráðgjafa	4.329.800 kr.
Viðburðarvaktin	737.000 kr.
Húsaleiga	480.000 kr.
Auglýsingar	238.831 kr.
Öryggiskerfi	82.912 kr.
Rekstrarkostnaður	168.698 kr.
Sími, net og vefsíðugjöld	80.029 kr.
Ferðakostnaður	38.321 kr.
Samtals	5.546.800 kr.

Uppgjör ársins 2013

Aflið var rekið með smávægilegu tapi árið 2013 sem greitt var upp með framlagi úr neyðarsjóði samtakanna en vegna fjárskorts tókst ekki að halda jafn marga sjálfshjálparhópa og þörf var á. Ekki hefur tekist að standa straum af kostnaði vegna símenntunar og samstarfs við samtök og stofnanir og var því ekki um neitt slíkt að ræða en er mikilvægur hluti af starfsemi á borð við þessa. Aflskonur láta það þó ekki á sig fá og starfa áfram af fullum krafti í einkaviðtölum, viðburðavakt og forvörnum enda skila samtökin af sér starfi sem er ómissandi fyrir samfélagið.

Hér fyrir neðan má sjá uppgjör Aflsins árið 2013

Rekstrarkostnaður	5.546.800 kr.
Styrkir	5.514.400 kr.
Heildarrekstrarkostnaður	-32.800 kr.